

Teen TV – Comeniusarverkefni FSN

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur nú þátt í Comeniusarverkefninu TEEN TV í samvinnu við skóla í níu öðrum Evrópulöndum. Samstarfsskólarnir eru frá Belgíu, Bretlandi, Frakklandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Póllandi, Spáni og Þýskalandi.

Markmið verkefnisins er að nemendur búi til sjónvarpsstöð á Netinu þar sem þau skiptist á að setja inn verkefni og sjá jafnvel um beinar útsendingar á efni. Heimasíða sjónvarpsstöðvarinnar fer í loftið í janúar og munum við leyfa ykkur að fylgjast með því sem við erum að gera.

Nemendur FSN eru nú þegar byrjuð að vinna að fyrstu þáttunum sínum og munuð þið eflaust rekast á þau á förnum vegi, vopnuðum kvikmyndatökuvélum, því verkefni eitt heitir; Hvernig er að vera ungur í dag? en verkefni tvö fjallar um jóla og áramót á Snæfellsnesi. Okkur þætti mjög vænt um að þið sýnduð nemendum velvilja og aðstoð eftir fremsta megni sé þess óskað. Upptökurnar verða svo klipptar saman um leið og skólastarf hefst aftur í janúar og yfirfarnar af kennara. Við munum svo leyfa ykkur að fylgjast með því þegar verkefni verða birt á vefnum.

Það er mikill heiður og lærdómur fólgin í þátttöku í þessu verkefni og erum við vissar um að það eigi einnig eftir að skila sér margfalt til baka til samfélagsins á Snæfellsnesi með auknum áhuga þessa stóra hóps sem tekur þátt í verkefninu og þeirra sem þeim tengjast.

Jólaakveðja

Sólrún Guðjónsdóttir og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir verkefnastjórar